Mánudagur 11. desember

DV

SJÓNVARPIÐ

17.50 **Töfraglugginn.** Endursýning frá sl. miðvikudegi.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Yngismær (39).** (Sinha Moa). Brasilískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
19.20 **Leðurblökumaðurinn.** (Batman). Bandarískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Þorsteinn Þórhallsson.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Brageyrað.** Fjórði þáttur. Umsjón Árni Björnsson.
20.45 **Á fertugsaldri.** (Thirtysomething). Bandarískur myndaflokkur. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
21.35 **Búálfurinn hjá matmangaranum.** (Nissen hos spækhökeren). Danskt sjónvarpsleikrit eftir Hans Christian Nörregaard og Kaspar Rostrup, sem jafnframt er leikstjóri, byggt á jólaævintýri eftir H. C. Andersen. Aðalhlutverk Frits Helmuth, Jens Okking, Olaf Heine Johannessen og Bodil Udsen. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir. (Nordvision – Danska sjónvarpið).
22.20 **Íþróttahornið.** Fjallað verður um íþróttaviðburði helgarinnar og kastljósinu beint að landsmótum í knattspyrnu viðs vegar um Evrópu.
23.00 **Ellefufréttir.**
23.10 **Þingsjá.** Umsjón Ingimar Ingimarsson.
23.30 **Dagskrárlok.**

STÖÐ 2

14.40 **Söngurinn lifir.** Lady Sings the Blues. Sannsöguleg mynd sem byggð er á lífi djasssöngkonunnar Billie Holliday. Aðalhlutverk: Diana Ross, Billie Dee Williams og Richard Pryor.
17.00 **Santa Barbara.**
17.45 **Jólasveinasaga.**
18.10 **Kjallararokk.**
18.35 **Frá degi til dags.** Day by Day.
19.19 **19:19.** Fréttir, veður og dægurmál.
20.30 **Dallas.**
21.30 **Hringiðan.** Umræðuþáttur í beinni útsendingu. Í hverjum þætti verður ein grundvallarspurning tekin fyrir og hún krufin til mergjar.
22.30 **Bílaþáttur Stöðvar 2.** Kynntar verða nýjungar á bílamarkaðnum. Umsjón: Birgir Þór Bragason.
23.00 **Október.** October. Eitt af meistaraverkum Sergei Eisenstein frá árinu 1927.
00.40 **Uns dagur rennur á ný.** The Allnighter. Fjögur ár í háskóla án þess að hafa staðið í ástarsambandi valda Molly gífurlegum áhyggjum. Þessu verður að kippa í liðinn áður en útskriftardagurinn rennur upp. Aðalhlutverk: Susanna Hoffs, Dedee Pfeiffer, Joan Cusack, John Terlensky og James Anthony Shanta. Bönnuð börnum.
2.15 **Dagskrárlok.**

Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn. Séra Stefán Lárusson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið.** – Baldur Már Arngrímsson. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Mörður Árnason talar um daglegt mál laust fyrir kl. 8.00.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Jólaalmanak Útvarpsins.**
9.30 **Íslenskt mál.** Endurtekinn þáttur frá laugardegi sem Gunnlaugur Ingólfsson flytur.
9.40 **Búnaðarþátturinn** – Námskeiðahald við Bændaskólann á Hvanneyri. Runólfur Sigursveinsson endurmenntunarstjóri flytur.
10.00 **Fréttir.**
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Stiklað á stóru um hlutleysi,** hernám og hervernd. Níundi þáttur. Umsjón: Pétur Pétursson. (Einnig útvarpað á miðvikudagskvöld kl. 21.00.)
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
11.53 **Á dagskrá.** Litið yfir dagskrá mánudagsins í Útvarpinu.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.15 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Mörður Árnason flytur.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Dánarfregnir. Auglýsingar.
13.00 **Í dagsins önn** – Börn á Indlandi. Umsjón: Steinunn Harðardóttir.
13.30 **Miðdegissagan:** Samastaður í tilverunni eftir Málfríði Einarsdóttur. Steinunn Sigurðardóttir byrjar lesturinn.
14.00 **Fréttir.**
14.03 **Á frívaktinni.** Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalög sjómanna. (Einnig útvarpað aðfaranótt fimmtudags kl. 3.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Rimsirams.** Guðmundur Andri Thorsson rabbar við hlustendur. (Endurtekið frá deginum áður.)
15.25 **Lesið úr forustugreinum bænda- og héraðsfréttablaða.**
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.**
16.08 **Á dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Laufabrauðsbakstur í Digranesskóla. Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir og Kristín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Dukas og Saint-Sans.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpinu kl. 4.40.)
18.30 **Tónlist.** Auglýsingar. Dánarfregnir.
18.45 **Veðurfregnir.** Auglýsingar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Auglýsingar.**
19.32 **Um daginn og veginn.** Júlíus Guðni Antonsson framkvæmdastjóri, Þorkelshóli í Vestur-Húnavatnssýslu, talar.
20.00 **Jólaalmanak Útvarpsins.** Frú Pigalopp og jólapósturinn eftir Björn Rönningen. (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Barokktónlist.**
21.00 **Atvinnulíf á Vestfjörðum.** Umsjón: Kristján Jóhann Guðmundsson. (Frá Ísafirði)
21.30 **Útvarpssagan:** Gargantúi eftir Francois Rabelais. Erlingur E. Halldórsson þýddi. Baldvin Halldórsson les (12.)
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Samantekt um Landsamband hestamanna.** Umsjón: Sigurður Hallmarsson. (Einnig útvarpað á miðvikudag kl. 15.03.) (Frá Akureyri)
23.10 **Kvöldstund í dúr og moll** með Knúti R. Magnússyni.
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
1.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

RÁS 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið** – Úr myrkrinu, inn í ljósið. Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum.
8.00 **Morgunfréttir.** – Bibba í málhreinsun. 9.03 Morgunsyrpa Eva Ásrún Albertsdóttir og Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir. Stóra spuningin kl. 9.30, hvunndagshetjan kl. 9.50, neytendahorn kl. 10.03 og afmæliskveðjur kl. 10.30. Bibba í málhreinsun kl. 10.55 (endurtekinn úr morgunútvarpi). Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** með Gesti Einari Jónassyni. (Frá Akureyri)
14.03 **Hvað er að gerast?.** Lísa Pálsdóttir kynnir allt það helsta sem er að gerast í menningu, félagslífi og fjölmiðlum.
14.06 **Milli mála.** Árni Magnússon leikur nýju lögin. Stóra spurningin. Spurningakeppni vinnustaða, stjórnandi og dómari Dagur Gunnarsson kl. 15.03
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Guðrún Gunnarsdóttir, Sigurður Þór Salvarsson, Þorsteinn J. Vilhjálmsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin og málið.** Ólína Þorvarðardóttir fær þjóðarsálina til liðsinnis í málræk t.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Blítt og létt...** Gyða Dröfn Tryggvadóttir rabbar við sjómenn og leikur óskalög. (Einnig útvarpað kl. 3.00 næstu nótt á nýrri vakt.)
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Sigrún Sigurðardóttir, Oddný Eir Ævarsdóttir, Jón Atli Jónasson og Sigríður Arnardóttir.
21.30 **Fræðsluvarp:** Enska. Áttundi þáttur enskukennslunnar Í góðu lagi á vegum Málaskólans Mímis. (Einnig útvarpað nk. fimmtudagskvöld á sama tíma.)
22.07 **Bláar nótur.** Pétur Grétarsson kynnir djass og blús. (Úrvali útvarpað aðfaranótt laugardags að loknum fréttum kl. 5.00.)
0.10 **Í háttinn.**
1.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

NÆTURÚTVARP

1.00 **Áfram Ísland.**
2.00 **Fréttir.**
2.05 **Eftirlætislögin.** Svanhildur Jakobsdóttir spjallar við Rúnar Júlíusson hljómlistarmann sem velur eftirlætislögin sín (Endurtekinn þáttur frá þriðjudegi á Rás 1.)
3.00 **Blítt og létt...** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur frá liðnu kvöldi.
4.00 **Fréttir.**
4.05 **Glefsur.**
4.30 **Veðurfregnir.**
4.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá deginum áður á Rás 1.)
5.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
5.01 **Lísa var það,** heillin. Lísa Pálsdóttir fjallar um konur í tónlist. (Endurtekið úrval frá miðvikudagskvöldi á Rás 2.)
6.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
6.01 **Á gallabuxum og gúmmískóm.** Leikin lög frá sjötta og sjöunda áratugnum.

BYLGJAN 98,9

7.00 **Sigursteinn Másson** með fréttir af veðri, færð og kíkir í morgunblöðin. Tekin eru fyrir neytendamál. Barnasagan lesin rétt fyrir 8.
9.00 **Páll Þorsteinsson.** Vinir og vandamenn kl. 9.30. Létt spjall við hlustendur, uppskrift dagsins valin.
12.00 **Hádegisfréttir.**
12.15 **Valdís Gunnarsdóttir** tekur á mánudagsveikinni þegar 13 dagar eru til jóla. Slúður og fleira skemmtilegt.
15.00 **Ágúst Héðinsson** tekur púlsinn á þjóðfélaginu. Tónlist og spjall og fólk í heimsókn. Getraun milli 16 og 17 og afmæliskveðjur.
17.00 **Síðdegisútvarp.** Umsjónarmaður Haraldur Gíslason. Rólegt og afslappandi síðdegi.
19.00 **Hafþór Freyr Sigmundsson** vaskar upp með hlustendum og leikur þægilega kvöldmatartónlist í bland.
20.00 **Ágúst Héðinsson.** Tónlist og létt spjall tengt jólunum.
22.00 **Frostrósir.** Gunnlaugur Guðmundsson stjórnuspekingur og Pétur Steinn Guðmundsson fjalla um stjörnuspeki og stjörnumerki. Gestir líta inn og er gestur þetta mánudagskvöldið týpískur bogmaður. Ágústa Johnsen leikfimifrömuður er gestur kvöldsins.
24.00 **Freymóður T. Sigurðsson** á næturrölti.

Fréttir eru á klukkutímafresti frá 8–18.

STJARNAN FM 102 & 104

7.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Ungir Íslendingar í spjalli og leigubílaleikurinn á sínum stað kl. 7.30. Morgunþáttur fyrir ungt fólk.
11.00 **Sigurður Sturluson.** Ný tónlist en þessi gömlu góðu heyrast líka. Hádegisverðarleikur Stjörnunnar og VIVA-STRÆTÓ kl. 11.30.
15.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson.** Mikið af nýrri tónlist. Þú vinnur þér alltaf inn eitthvað hjá Sigga. Síminn er 622939.
19.00 **Ekkert kjaftæði – Stanslaus tónlist.**
20.00 **Kristófer Helgason.** Tónlistin er ný, fersk og vönduð. Kristó gluggar í stjörnuspeki.
1.00 **Björn Sigurðsson.** Næturvakt sem segir sex. Björn leikur óskalögin þín við vinnuna eða svefninn.

ÚTRÁS FM 104,8

16.00 **MS.**
18.00 **FB.**
20.00 **MH.**
22.00 **MR.**
1.00 **Dagskrárlok.**

EFF EM

7.00 **Arnar Bjarnason.** Morgunhaninn býður fyrirtækjum upp á brauð og kökur frá Grensásbakarí með morgunkaffinu.
10.00 **Ívar Guðmundsson.** Létt mánudagstónlist og kjaftasögur af Billanum.
13.00 **Sigurður Ragnarsson.** Góð tónlist er yfirskriftin hjá Sigurði.
16.00 **Jóhann Jóhannsson.** Hress og skemmtilegur í skammdeginu. Pitsuleikurinn á sínum stað.
19.00 **Gunný Mekkinósson.** Frumlegheitin ráðandi.
22.00 **Ragnar Vilhjálmsson.** Munið 6-pack kl. 22.45–23.15.
1.00 **Næturdagskrá.**

FM 909 AÐALSTÖÐIN

7.00 **Bjarni Dagur Jónsson.**
9.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Ljúf tónlist í dagsins önn með fróðleiksmolum í bland.
12.00 **Að hætti hússins.** Umsjónarmaður Ólafur Reynisson. Uppskriftir, viðtöl og fróðleikur til hlustenda um matargerð. Opin lína fyrir hlustendur, s. 626060.
12.30 **Þorgeir Ástvaldsson.** Létt tónlist í dagsins önn með fróðleik um veður, færð og það sem okkur vantar að vita.
16.00 **Fréttir með Eiríki Jónssyni.** Lengsti fréttatími sem um getur.
18.00 **Íslensk tónlist** að hætti Aðalstöðvarinnar.
19.00 **Anna Björk Birgisdóttir.** Þægileg kvöldtónlist með óskalögunum ykkar, síminn er 626060.
22.00 **Draumasmiðjan.** Kristján Frímann ræður drauma hlustenda.
24.00 **Næturdagskrá Aðalstöðvarinnar.**

SKY ONE

5.30 **Viðskiptaþáttur.**
6.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
8.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningaþáttur.
10.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
10.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
11.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
12.00 **Another World.** Framhaldsflokkur.
12.55 **General Hospital.** Framhaldsflokkur.
13.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
14.45 **Loving.**
15.15 **Young Doctors.** Framhaldsflokkur.
16.00 **Popppáttur.**
17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
18.00 **The New Price is Right.** Spurningaleikur.
18.30 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
19.00 **Alf.** Gamanmyndaflokkur.
20.00 **Evita Peron.** Mínisería.
22.00 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
23.00 **Fréttir.**
23.30 **The Big Valley.** Vestrasería.

SKY MOVIES

14.00 **A Desperate Exit.**
15.00 **My Seventeenth Summer.**
16.00 **Frosty's Winter Wonderland.**
17.00 **Ringos Rides West.**
18.00 **Back Home.**
20.00 **Up the Creek.**
22.00 **Missing in Action 2 – The Beginning.**
23.45 **The Hills Have Eyes 2.**
01.15 **The Hitchhiker.**
01.45 **Flesh and Blood.**
04.00 **Brazil.**

EUROSPORT

9.00 **Skíði.** Keppni í heimsmeistarakeppninni í Colorado.
10.00 **Fótbolti.** Meginlandsknattspyrna eins og hún gerist best.
11.00 **Rugby.** Leikur í ensku deildinni.
12.00 **Stórsvig.** Keppni frá Val d'Isere í Frakklandi.
13.00 **Maradona. The Greastest Player in the World** Kvikmynd um ævi snillingsins.
14.00 **Surfer Magazine.** Allt um brimbrettaíþróttina.
15.00 **Tennis.** Nabisco Masters. Tvíliðaleikur sem fram fer í Albert Hall, London
18.00 **Íshokkí** Leikur vikunnar, Washington Capitals–Buffalo Sabres.
20.00 **Eurosport – What a Week!** Litið á helstu viðburði liðinnar viku.
21.00 **International Motor Sports.** Fréttatengdur þáttur um kappakstur.
22.00 **Hnefaleikar.** Frægar keppnir.
23.00 **Íshokkí.** Leikur í atvinnumannadeildinni í Bandaríkjunum.

SCREENSPORT

7.00 **Ameríski fótboltinn.** Leikur háskólaliða.
9.00 **Wide World of Sport.**
10.00 **Hnefaleikar.** Keppni atvinnumanna.
11.00 **Powersport International.**
12.00 **Íshokkí.** Leikur í bandaríksu atvinnumannadeildinni.
14.00 **Ameríski fótboltinn.** Leikur í atvinnumannadeildinni.
16.00 **Golf.** JC Penney Classic, haldið á Broadmoor Florida.
18.00 **Motorcross.**
18.30 **Karate.**
19.30 **Spánski fótboltinn.** Barcelona–Cadiz.
21.15 **Hnefaleikar.**
22.45 **Hjólreiðar.**
23.45 **Íþróttir á Spáni.**
24.00 **Kappakstur.** Formula 3 í Þýskalandi.



Árni Björnsson, umsjónarmaður Brageyrans.

Sjónvarp kl. 20.35:

Brageyrað

Senn fer að fækka færum þeim sem sjónvarpsáhorfendur hafa til að tileinka sér hinar hefðbundnu reglur ljóðagerðar á skjánum, því í kvöld verður fjórði þáttur af sex í þáttaröðinni Brageyranu. Það er Árni Björnsson þjóðháttafræðingur sem hefur umsjón með þáttaröð þessari. Í síðasta þætti hóf hann umfjöllun um Hringhenduna. Í fjórða þætti tekur Árni upp þráðinn þar sem frá var horfið og svarar auk þess fyrirspurnum er borist hafa frá áhugasömum ljóðasmiðum í hópi áhorfenda. Oddhenda, braghenda og raðhenda bíða svo næstu þátta.

Stöð 2 kl. 23.00:

Október

Í Fjalakettinum á Stöð tvö er enn haldið áfram að kynna verk rússneska meistarans Sergei Eisenstein. Síðast var það Stríðsskipið Potemkin. Í kvöld er það Október.

Tildrög að gerð myndarinnar voru þau að Eisenstein var fenginn á tíu ára afmæli byltingarinnar til að gera kvikmynd sem segði frá þessum merka atburði. Til að nálgast verk sitt með sem mestum skilningi fór Eisenstein í gegnum skýrslur frá atburðinum og frétta-myndir. Þá var ein hans helsta heimild rit Bandaríkjamannsins Johns Reed, Ten Days That Shook the World, en á ævi þessa rithöfundar byggði Warren Beatty mynd sína, Reds, á.

Október hlaut ekki eins hlýjar viðtökur almennings og Potemkin. Þótti myndin allt of fræðileg og einnig áttu valdhafar í erfiðleikum með að sætta sig við hana, enda mikill skoðanamunur hjá valdhöfum í Moskvu á þeim tíma sem myndin var gerð. -HK

Málfríður Einarsdóttir, höfundur miðdegissögunnar.

Rás 1 kl. 13.30 – Miðdegissagan:

Samastaður í tilverunni

Í dag hefst lestur nýrrar miðdegissögu á rás 1. Það er Samastaður í tilverunni eftir Málfríði Einarsdóttur. Steinunn Sigurðardóttir les. Málfríður er einn sérkennilegasti rithöfundur í seinni tíð og lýsti Guðbergur Bergsson henni eftirminnilega í útvarpsdagskrá á dögunum.

Samastaður í tilverunni var fyrsta bók hennar og var hún orðinn öldruð þegar hún kom út. Í bókinni rekur hún ýmsar minningar sínar meðal annars frá uppvaxtarárum í Borgarfirði. Þar fæddist hún um aldamótin en lést í Reykjavík fyrir nokkrum árum. Bækur hennar fjalla ekki um neina ákveðna staði heldur lýsa umfram allt hugarheimi höfundar sem vissulega átti sér fáa líka.